

**Ed.**

**358. Frumvarp til laga**

**[243. mál]**

um Veðurstofu Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

Veðurstofa Íslands starfar undir yfirstjórn samgönguráðherra.

2. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal vera í höndum veðurstofustjóra, sem ráðherra skipar til fimm ára í senn.

Ráðherra ræður annað starfsfólk stofnunarinnar að fengnum tillögum veðurstofustjóra. Ákvæði um menntun starfsmanna skulu sett í reglugerð.

3. gr.

Verkefni Veðurstofunnar er:

1. Að setja upp og starfrækja veðurstöðvar, sjálfvirkar eða mannaðar, leiðbeina veðurat-hugunarmönnum og hafa eftirlit með störfum þeirra.
2. Að safna daglegum veðurskeytum, innlendum og erlendum, tiltækum veðurupplýsing-um frá gervihnöttum og sjálfvirkum stöðvum, sjá um að úrvali innlendra veðurskeyta sé dreift til alþjóðanota, semja veðurspár og sjá um dreifingu þeirra og leiðbeina um veðurskilyrði á flugleiðum og flugvöllum fyrir innanlandsflug og millilandaflug.
3. Að safna upplýsingum um hafis og senda út ísfragnir til skipa, þegar ástæða þykir til.
4. Að annast jarðskjálftamælingar og úrvinnslu þeirra og safna upplýsingum um jarð-skjálfta, eldgos eða öskufall þegar ástæða þykir til.
5. Að safna gögnum til rannsókna á veðurfari landsins, vinna úr veðurskýrslum og gefa út veðurfarskýrslur.

6. Að gera athuganir á loft- og úrkomumengun.
7. Að annast mælingar á snjóalögum og rannsóknir á þeim með sérstöku tilliti til snjóflóðahættu, gefa út aðvaranir um snjóflóðahættu og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um takmörkun mannvirkjagerðar á hættusvæðum snjóflóða.
8. Að fylgjast með framförum og þróun veðurfræðinnar og annarra greina jarðeðlisfræði á starfssviði Veðurstofunnar, svo og að vinna að rannsóknum í þeim fræðigreinum.
9. Að annast samskipti við Alþjóðaveðurfræðistofnunina svo og önnur milliríkjasamskipti innan verkahringis Veðurstofunnar.
10. Annað það er ráðherra kann að ákveða.

4. gr.

Ráðherra ákveður í gjaldskrá gjöld þau, sem greiða ber Veðurstofu Íslands fyrir þá þjónustu sem hún veitir.

5. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um málefni og starfsemi Veðurstofunnar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 17 27. mars 1958 um Veðurstofu Íslands.

#### **Ákvæði til bráðabirgða.**

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. um skipunartíma veðurstofustjóra, skal skipun núverandi veðurstofustjóra halda gildi sínu.

#### **Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir til nýrra laga um Veðurstofu Íslands er samið af starfsmönnum samgönguráðuneytisins og veðurstofustjóra. Frumvarpið er byggt á gildandi lögum um stofnunina nr. 17 frá 27. mars 1958, en þó eru gerðar á þeim allverulegar breytingar, aðallega til að færa ákvæði nýrra laga til samræmis við nútímaaðstæður.

Talið var rétt að taka út úr núgildandi lögum ákvæði, sem samkvæmt eðli máls þótti óþarfi að setja í lög um stofnunina svo sjálfsögð sem þau eru talin eða eru þegar í öðrum lögum.

Í þessu sambandi má nefna ákvæði 4. og 5. greina núgildandi laga, þar sem tilgreint er hvaða markmiðum skuli ná með gerð veðurspáa og hvernig haga skuli vinnslu veðurfarskýrslna.

Ákvæði um þessi atriði má setja í reglugerð.

Í 6. gr. núgildandi laga er fjallað um samráð og samband Veðurstofunnar við aðrar opinberar stofnanir og fyrirsvarsstofnanir atvinnuvega og samgöngumála svo og um gjaldtöku fyrir veitta þjónustu. Að mati þeirra, sem að samningu frumvarpsins stóðu er óþarfi að lögbinda slíkt samstarf svo sjálfsagt sem það er talið vera, en rétt þótti að taka inn í frumvarpið heimild fyrir stofnunina til að taka gjald fyrir þá þjónustu sem hún veitir.

Í 7. gr. núgildandi laga er ákvæði um að haga skuli veðurþjónustu og veðurathugunum með hliðsjón af reglum þeim, sem Alþjóðaveðurfræðistofnunin setur og í gildi eru á hverjum

tíma, nema veðurþjónustu fyrir millilandaflug en um hana skulu auk þess gilda reglur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

Ekki er talin þörf á að lögfesta þetta atriði heldur geta þess í reglugerð.

Í 8. gr. núgildandi laga er fjallað um ráðningu starfsmanna, menntun þeirra og kjör. Ákvæði um ráðningu starfsmanna stofnunarinnar er tekið inn í 2. gr. þessa frumvarps. Ekki er talin ástæða til að binda í lög kröfu um menntun einstakra starfsmanna en um það skulu sett nánari ákvæði í reglugerð. Um launakjör starfsmanna ríkisins gilda sérstök lög.

Veðurstofa Íslands tók til starfa 1. janúar 1920 og gaf út fyrstu veðurspána hálfum mánuði síðar, en reglubundnar veðurathuganir hófust nokkru fyrr eða árið 1845.

Við upphaf starfsemi Veðurstofunnar giltu veðurhorfur einungis í hálfan sólarhring og þá fyrir allt landið í einu.

Veðurfregnum var framan af útvarpað frá Loftskæptastöðinni og dreift til símtöðva í helstu verstöðvum. Þegar Ríkisútvarpið tók til starfa 1930 urðu tímamót í dreifingu veðurfregna.

Veðurstofan flutti í nýtt húsnæði í nóvember 1973 og batnaði aðstaða stofnunarinnar þá til muna.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Greinin fjallar um stjórnskipunarlega stöðu stofnunarinnar.

Um 2. gr.

Í samræmi við almenn viðhorf um endurnýjun í æðstu stöður hjá framkvæmdavaldinu er hér lagt til að veðurstofustjóri verði skipaður til 5 ára í senn.

Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir því að skipun núverandi veðurstofustjóra haldi gildi sínu engu að síður.

Um 3. gr.

*1. liður:*

Hér er gert ráð fyrir sjálfvirkum veðurstöðvum og er það í samræmi við tækniþróun síðustu ára.

*2. liður:*

Hér er gert ráð fyrir að upplýsingum um veður sé m. a. safnað frá gervihnöttum og sjálfvirkum veðurstöðvum, enda eru slíkar upplýsingar þegar orðnar mikilvægur þáttur í upplýsingaöflun Veðurstofunnar.

*3. liður:*

Í stað orðanna „nákvæmum fregnum um hafís“ í núgildandi lögum komi: upplýsingum um hafís. Hafísathuganir eru oft gerðar við erfið skilyrði og eru því einatt ekki sérstaklega nákvæmar, en koma þó að góðu gagni.

*4. liður:*

Efnislega hliðstæður 6. tl. 2. gr. núgildandi laga, en sú breyting er þó gerð að út eru teknar eftirfarandi setningar: „Ríkisstjórninni er heimilt að fela Veðurstofunni önnur tiltekin verkefni á sviði jarðeðlisfræði. Störf þau, sem greind eru í þessum lið, getur ríkisstjórnin þó falið öðrum stofnunum, ef henni þykir það hagkvæmara.“

*5. liður:*

Hliðstæður 4. lið 2. gr. núgildandi laga með þeirri breytingu að út er tekið „er sýni skilyrði þau og takmörk, sem verðráttan setur atvinnuvegum landsmanna“. (5. liður núgildandi laga er felldur niður).

*6. liður:*

Hér er um að ræða nýtt verkefni. Á síðustu árum hefur mikið verið leitað til Veðurstofunnar, varðandi mengun í andrúmslofti og úrkomu, magn hennar og dreifingu. Þessi starfsemi hefur farið vaxandi með tilkomu nýrra iðjuvera og ýmissa áforma um fjölgun þeirra. Veðurstofan hefur starfrækt eina stöð, þar sem gerðar eru mengunarathuganir, svo og tekið þátt í mengunarrannsóknnum að beiðni ríkisstofnana og nefnda á vegum ríkisins. Þá fer Alþjóðaveðurfræðistofnunin með athuganir á mengun lofthjúpsins á alþjóðavettvangi og tengist Veðurstofan því þeirri starfsemi samkvæmt 9. lið þessarar greinar.

*7. liður:*

Með bréfi samgönguráðuneytisins, dags. 11. maí 1978, fól ráðuneytið Veðurstofunni að annast af þess hálfu starfsemi, sem lýtur að málum er varða snjóflóðavarnir. Veðurstofan hefur síðan gert þetta eftir því, sem aðstæður hafa leyft hverju sinni. Ástæða þykir því til, að þessi starfsemi Veðurstofunnar verði skilgreind í lögum.

*8. liður:*

Hliðstæð ákvæði og í 7. lið 2. gr. núgildandi laga.

*9. liður:*

Efnislega hliðstæður 8. lið 2. gr. núgildandi laga.

*10. liður:*

Nýr liður, þar sem talið er rétt að ráðherra geti ákveðið að færa undir verksvið Veðurstofunnar önnur verkefni en hér eru talin, ef ástæða þykir til.

Um 4. gr.

Að undanfögnu hefur það víða erlendis færst í vöxt, að veðurstofur hafa tekið gjald fyrir sérstaka þjónustu sem þær veita. Í Evrópu má til dæmis nefna greiðslur vegna flugveðurþjónustu á vegum svonefnds „Eurocontrol“ og að sænska veðurstofan fær greiðslur frá vegamálastjórn (Vägverket) og ríkisútvarpi (Sveriges Radio) fyrir sérstakar veðurspár.

Hér á landi greiða nokkur aðildarríki Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) fyrir veðurþjónustu við alþjóðaflug. Árið 1979 var dregið verulega úr þessum greiðslum á þeim forsendum að ýmis atriði þessarar þjónustu voru orðin að mestu leyti fyrir íslenskt millilandaflug. Síðan hefur þessi þjónusta verið greidd að mestu sem almenn þjónusta með framlagi úr ríkissjóði.

Meðal annars af þessum sökum þykir rétt að hafa rýmri heimildir um gjalddöku en eru í núgildandi lögum.

Um 5. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 6. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Sjá athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins.